

## Umsögn í Samráðsgátt – 20.03.2020

### Vegna:

Mál nr. 65/2020 Birt: 06.03.2020

### Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

150. löggjafarþing 2019–2020.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011

### Efni: Umsögn vegna stjórnarfrumvarps til laga um breytingar á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011

Markaðsstofa Vesturlands lýsir yfir ánægju með að skerpa eigi á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Þar sem markmiðið er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða og ferðamannaleiða um land allt og styðja með því við þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærar stoðar í íslensku atvinnulífi. Auk þess sem það er sett fram sem markmið laganna að stuðla að dreifingu ferðamanna um landið, sjálfbærri þróun, jafnvægi og svæðisbundinni þróun í samræmi við skipulag og áætlanir einstakra landshluta, s.s. áfangastaðaáætlanir.

Markaðsstofa Vesturlands vill þó gera athugasemdir við skilgreiningu laganna á **ferðamannaleið**, þar sem vitnað er í lög um landsáætlun nr.20/2016 þar sem *ferðamannaleið* er skilgreind sem; *leið sem tengir saman ferðamannastaði. Ferðamannaleiðir geta verið gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir.*

Markaðsstofa Vesturlands telur þessa skilgreiningu á ferðamannaleið ekki styðja við sjálfsagða kröfu um að stuðla að „aðgengi fyrir alla“ þar sem opinbert fé er laggt í uppbyggingu áfanga- og áningastaða. Auk þess sem við búum í strjálbýlu landi og því mjög mikilvægt að við tökum tillit til staðhátta og skilgreinum **ferðamannaleið** sem afmarkaða leið þar sem hægt er að ferðast á milli áhuga- og eftirsóknarverðra áfanga- og áningastaða, hvort heldur sem er gangandi, ríðandi, hjólandi **eða á vélknúnu tæki**.

Í áfangastaðaáætlunum og þróunarvinnu ferðamála í öllum landshlutum, er stefnt á og unnið að þróun á ýmsum ferða- og þemaleiðum. Unnið er að markvissri skilgreiningu á sérstöðu, seglum og upplifun á afmörkuðum stöðum eða svæðum með margvíslegum samtengingum fyrir fólk að ferðast á milli viðkomandi staða. Þannig eru markaðar sérstakar ferðaleiðir sem hægt er að kynna og markaðssetja. Byggt á þessari vinnu eru svo gerðar þarfagreiningar á umræddum söðum eða svæðum og sett fram forgangsröðun varðandi uppbyggingu innviða á áninga- og áfangastöðum, útivistar- og ferðaleiðum sem tengjast þessum ferða- og þemaleiðum.

Mikilvægt er að hægt sé að reiða sig á það að þessi vinna sem unnin er í landshlutunum falli að reglum um úthlutun styrkja úr sjóðum ríkisins sem ætlaðir eru til uppbyggingar innviða. Því er mjög mikilvægt að hægt sé að sækja um styrki til markvissrar uppbyggingar innviða sem heimamenn hafa sett í forgang um uppbyggingu á sínu svæði á þeim forsendum að þeir tengjast þema- eða ferðaleið, án þess að þar sé tilgreint sérstaklega eða það skipti máli hvernig fólk kýs eða hefur tækifæri til að ferðast þessa skilgreindu leið á milli áninga- og áfangastaða.

Markaðsstofa Vesturlands hvetur til þess að skilgreining á ferðamannaleið verði endurskoðuð í lögum ríkisins með tilliti til þess að sú skilgreining þjóni öllum sem hafa hug á að ferðast um Ísland, jafnvel þó þeir hafi ekki líkamsburði til að ferðast gangandi, ríðandi eða hjólandi.

Fyrir hönd Vesturlandsstofu / Markaðsstofu Vesturlands

Margrét Björk Björnsdóttir, forstöðumaður